

Ef um endurtekin brot er að ræða má svipta viðkomandi rétti til slátrunar á alifuglum, sem ætlaðir eru til sölu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1966, um meðferð og mat á sláturafurðum, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélag Laxár og Bæjarár, Reykhólahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Laxár og Bæjarár.

Heimili þess og varnarþing er Reykhólahreppur, A.-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá og Bæjará ásamt útám, en þær eru Hábaer og Bær, Mýrartunga I, Mýrartunga II, Gillastaðir, Klukkufell, Mun-aðstunga, Hríshóll I og II, Hafrafell I, Hafrafell II og Borg.

3. gr.

Verkefni félagsins skal vera, að rækta upp veiði í fyrrgreindum ám og annast nýttjar samkvæmt ákvörðum félagsfundar hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eilt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skoraast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneylið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Dalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Dalsár.

Heimili þess og varnarþing er í Snæfjallahreppi Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Dalsá og öllum fiskgengum ám og lækjum sem í hana falla, en þær eru Bæir I, Bæir II, Bæir III, Lyngholt og Unaðsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar verði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðishær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.